



Heiti námsgreinar	Grunnteikning
Heiti áfanga	GRUN1FT05
Númer áfanga	
Viðfangsefni	Framhald teiknifræða
Lýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandinn hljóti áframhaldandi þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá meginþætti: flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga. Nemandinn öðlast frekari hæfni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, tölvuteikniforrita, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri og gerð vinnuteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum. Öll verkefni í áfanganum eru unnin í þar til gerðum tölvuforritum.
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • undirstöðu í almennum teiknifræðum • lestri teikninga • gerð vinnuteikninga
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • útskýra viðfangsefni í formi fríhendisteikninga • nota teikni- og önnur mæliáhöld við gerð vinnuteikninga • lesa teikningar • þjálfist í að hugsa af nákvæmni um og vinna myndrænt með viðfangsefni starfsgreina, svo sem á sviði hönnunar og iðngreina • miðla upplýsingum með tæknilegum teikningum • gera einfaldar tæknilegar vinnuteikninga • gera einfaldar þrívíðar teikningar
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hefja nám í fagbundnu teikninámi og öðru fagnámi, svo sem á sviði hönnunar og iðngreina • teikna fríhendis



	• skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt • hefja frekara nám í teiknifræðum
Grunnpættir menntunar	Í námi vélvirkja eru sex grunnpættir menntunar samþættir: • Læsi felst í að skilja og nota tæknilegan texta og teikningar. • Sjálfbærni birtist í vistvænni vinnu, viðhaldi og endurvinnslu. • Heilbrigði og velferð tryggja öryggi, rétta líkamsbeitingu og góða vinnustaðamenningu. • Lýðræði og mannréttindi koma fram í virðingu, samvinnu og ábyrgð. • Jafnrétti stuðlar að aðgengi allra að náminu óháð kyni eða bakgrunni. • Sköpun er þjálfuð með lausnaleit, hönnun og umbótum á verkferlum. Grunnpættirnir efla bæði faglega hæfni og persónulegan þroska nemenda.
Heimsmarkmið	Heimsmarkmið og málmiðgreinar tengjast með áherslu á sjálfbæra þróun, umhverfisvernd og ábyrga framleiðslu. Nemendur læra að nýta efni skynsamlega, flokkamálma til endurvinnslu og vinna með öruggum og vistvænum hætti. Með þessu stuðla þeir að markmiðum eins og ábyrgri neyslu (12), góðri heilsu og öryggi (3), og aðgerðum í loftslagsmálum (13).
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá